

Nr. 121 / 12 Una ÍS 127**Sprenging í afgasgrein**

Skipaskr.nr. 2338
Smíðaður: Hafnarfirði 1999 plast
Stærð: brl. 15 bt.
Mesta lengd: 13,25 Skráð lengd: 22,8
Breidd: 3,5 m Dýpt: 1,4 m
Vél: Yanmar 275 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS



Una ©Jón Páll Ásgeirsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 10. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Ólafi K. Ármannssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. nóvember 2012 var Una ÍS 127 á siglingu á Breiðafirði. Veður: Hægviðri.

Á siglingunni til Flateyrar var Una ÍS komin norður á miðjan Breiðafjörð þegar skipverjar urðu varir við sprengingu frá vélarúmi og rafmagnið fór af skipinu. Slegið var af vélinni og skipstjóri fór þegar niður í vélarúmið en þar var mikil gufa og geymasýrueimur en vélin gekk að því er virtist eðlilega. Opnaðar voru allar gáttir út úr bátnum og niður í vélarúmið til að lofta út og hleypa rakanum út.

Skipstjóri sneri við og hélt til Rifshafnar þar sem vélin virtist geta gengið og hitnaði ekki úr óhófi.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun á vélinni kom í ljós að sprunga var í innvegg kælikápu afgasgreinar og við það hefur afgasið skyndilega hækkað þrýsting í kælikerfinu svo hosa á lögn að afgaskuðungi forþjöppunnar rifnaði. Við rof á hosunni sprautaðist kælivatnið upp í forþjöppuna og gufaði strax upp. Gufan þéttist á rafgeymaskautum og olli skammhlaupi;
- að sögn vélvirkjameistara má sennilega rekja sprunguna í afgasgreininni til tæringar. Engar vísbendingar eru um að kælivatnið hafi soðið á vélinni þó svo trissan á sjódælunni hafi verið slitin og reimin gæti hafa slúðrað;
- að skipt var um vél í bátnum.

Nefndarálit:

Orsök vélarbilunarinnar má líklega rekja til tæringar í afgasgrein.